



Borgarráð

Reykjavík, 4. maí 2026

MSS26020091

Skil stýrihóps um málefni NEET hóps

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu stýrihóps um málefni NEET hóps þess efnis að stofnaður verði samstarfshópur fagaðila þvert á starfsstaði borgarinnar, ríkisstofnanir og félagasamtök, með virkri þátttöku ungmenna. Hlutverk hópsins verði að samræma vinnubrögð og verkferla og bæta samvinnu og flæði milli aðila sem koma að þjónustu við ungt fólk í NEET-hópi. Jafnframt er lagt til að vísa því til nýrrar borgarstjórnar að skoða að skipaður verði öflugur verkefnahópur fagaðila og kjörinna fulltrúa til að halda áfram að gerð heildstæðrar stefnu og áætlun Reykjavíkurborgar um stuðning við ungt fólk sem ekki er í vinnu, skóla né þjálfun/virkniúrræðum.

Greinargerð:

Stýrihópur um málefni NEET hópsins var skipaður þann 5. mars 2026 og hefur nú lokið störfum. Markmiðið með vinnu hópsins var að leggja fram stefnumótandi tillögur sem sameina forvarnir, snemmtækan stuðning og virkniúrræði fyrir ungmenni í borginni. Sú greining sem kynnt er í tillögum stýrihópsins og þær tillögur sem lagðar eru fram byggja á upplýsingum úr könnun sem stýrihópurinn lagði fyrir fag- og hagaðila innan og utan Reykjavíkurborgar og samtali við starfsmenn borgarinnar. Hugmyndir Reykjavíkurráðs ungmenna koma skýrt fram í þeim tillögum sem hér koma fram. Stýrihópurinn vann úr þessum gögnum og dregur fram það helsta en ekki gafst tækifæri til ítarlegrar greiningar vegna skamms tíma sem hópurinn hafði til umráða. Hér er því um að ræða fyrstu áfangaskil og lagt er til að vinna að þessum mikilvæga málflökki haldi áfram með nýju sniði n.k. haust þar sem hægt verði að móta heildræna stefnu í málaflokknum.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Áfangaskýrsla um málefni NEET hóps.



Reykjavík



Áfangaskýrsla stýrihóps um NEET hóp

Apríl 2026



Reykjavík





Stýrihópur um málefni NEET hóps

Skipaður af borgarstjóra

Stýrihópin skipa:

Guðný Maja Riba (formaður)

Einar Sveinbjörn Guðmundsson

Magnea Gná Jóhannsdóttir

Starfsmaður stýrihópsins: Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnafulltrúi
Reykjavíkurborgar

Hópurinn starfaði frá 10.03.2026 til 10.04.2026



Skilgreining á NEET

NEET er skammstöfun fyrir *Not in Education, Employment, or Training* og vísar til ungs fólks sem **er hvorki í námi, vinnu né starfsþjálfun.**

Hugtakið er almennt notað til að lýsa ungmönnum sem:

eru ekki í vinnu (hvorki starfandi né atvinnuleitendur)

eru ekki í formlegu eða óformlegu námi

eru ekki í neinni starfsþjálfun

Hér er miðað við aldersmörkin frá 16- 29 ára eins og gert er í Evrópu



Hlutverk stýrihópsins skv. erindisbréfi

- Hlutverk stýrihópsins er að greina stöðu NEET-hópsins og leggja fram tillögur að aðgerðum til að tryggja að sá hópur stækki ekki, auk þess að bæta þjónustu við þau sem þegar tilheyra hópnum.
- Hópurinn vinnur að samþættingu og eflingu þeirra úrræða sem þegar eru í boði og metur hvernig borgin getur best komið í veg fyrir að ungt fólk detti út úr námi eða vinnu.
- Vinnan byggist á nánú samstarfi milli velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs, menningar- og íþróttasviðs og annarra viðeigandi aðila.
- Markmiðið er að leggja fram stefnumótandi tillögur sem sameinar forvarnir, snemmtækan stuðning og virkniúrræði fyrir ungmenni í borginni.



Helstu verkefni/viðfangsefni skv. erindisbréfi

- Kortleggja núverandi úrræði Reykjavíkurborgar og ríkis sem beinast að NEET hópnum og greina samlegð og gloppur í þjónustu.
- Móta tillögur að forvörnum og snemmtækum stuðningi til að draga úr líkum á að ungmenni falli í NEET-hópin.
- Leggja fram tillögur að úrbótum í þjónustu, eftirfylgni og samvinnu milli sviða borgarinnar og annarra stofnana.
- Meta hvernig best verði staðið að virkniúrræðum fyrir ungt fólk utan skóla og vinnu, m.a. í samstarfi við Hitt húsið og aðra þjónustuaðila.
- Koma með tillögur um framtíðarfyrirkomulag samhæfingar á þjónustu við ungt fólk í áhættuhópum innan Reykjavíkurborgar.



Gagnaöflun

- Skoðuð voru fyrirliggjandi gögn um NEET hópinn sem fylgdu erindisbréfinu
- Geðræktarskýrsla SSH
 - <https://www.ssh.is/is/verkefni/soknaraaetlun/ahersluverkefni-soknaraaetlunar-2020-2024/forvarnir-og-gedraekt-hja-ungmendum>
- Skýrsla um framtíðarsýn og stefnu Hins hússins
 - <https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Sk%C3%BDrsla%20st%C3%BDrih%C3%B3ps%20um%20framt%C3%AD%C3%B0ars%C3%BDn%20og%20stefnu%20vegna%20Hins%20h%C3%BAssins.%20MSS26020108..pdf>
- Elja virkniráðgjöf í Árborg
 - <https://www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/elja-virkniradgjof/>
- Bresk vefsíða um úrræð fyrir ungt fólk
 - <https://www.youngminds.org.uk/>



Til ráðgjafar og samráðs

- Stýrihópurinn fékk kynningu frá Elju, virkniráðgjöf í Árborg
- Leitað var til sérfræðinga hjá Reykjavíkurborg, ríkinu og frjálsum félagasamtökum, m.a. frá ungmennum og ungu fólki með því að boða til vinnustofu.
- Boðað var til vinnustofu til að kalla eftir sýn þeirra aðila á því hvað mætti betur fara í málaflokknum, hvaða forvarnir og úrræði vantaði fyrir NEET hópin og fá fram hugmyndir fagaðila að forvörnum og úrræðum, því miður þurfti að afboða vinnustofuna vegna veðurs.
- Send var út könnun til 90 fag- og hagsmunaaðila, svör bárust frá 25 á þeim 12 dögum sem könnunin var opin.
- Samráð var haft við Reykjavíkurráð ungmenna.



Áfangaskil

Sú greining sem kynnt er hér og þær tillögur sem lagðar eru fram byggja á upplýsingum úr könnun sem stýrihópurinn lagði fyrir fag- og hagaðila innan og utan Reykjavíkurborgar og samtali við starfsmenn borgarinnar.

Hugmyndir Reykjavíkurráðs ungmenna koma skýrt fram í þeim tillögum sem hér koma fram.

Stýrihópurinn vann úr þessum gögnum og dregur fram það helsta en ekki gafst tækifæri til ítarlegrar greiningar vegna stutts tíma sem hópurinn hafði til umráða.

Hér er því um að ræða fyrstu áfangaskil og lagt er til að vinna að þessum mikilvæga málflokki haldi áfram með nýju sniði n.k. haust þar sem hægt verði að móta heildræna stefnu í málaflokknum.



Núverandi úrræði Reykjavíkurborgar og ríkis sem beinast að NEET hópnum, samlegð og gloppur í þjónustu.

Reykjavíkurborg og ríki búa yfir fjölmörgum öflugum úrræðum fyrir ungmenni og ungt fólk á aldrinum 16–29 ára innan mennta-, velferðar-, heilbrigðis- og vinnumálakerfis. Þar má nefna sérhæfð úrræði á borð við Fjölsmiðjuna, Bergið Headspace, Hitt húsið, IPS-úrræði, félagsmiðstöðvar, náms- og starfsráðgjöf og fjölbreytt verkefni á vegum borgarinnar og ríkisins.

Yfirlit yfir úrræði Reykjavíkurborgar og ríkisins sem beinast að 16+ og NEET hópnum verður aðgengilegt á upplýsingabrunni BBB (Betri borgar fyrir börn) í lok maí.

Samlegð í þjónustu Reykjavíkurborgar og ríkisins er lítil og þá beinist hún að helst þjónustu sem þjónustar mjög fáa einstaklinga í senn.



Núverandi úrræði Reykjavíkurborgar og ríkis sem beinast að NEET hópnum, samlegð og gloppur í þjónustu – framhald

Gloppur felast m.a. í því að það vantar:

- Heildstæða þjónustu fyrir ungt fólk í NEET hóp frá 16-29 ára því þjónustan er dreifð og hætta er á þjónusturofi þar sem þjónustuaðilar eru ekki í nægilega þéttu samstarfi
- Úrræði fyrir ungt fólk með taugaproskaraskanir og geðræna erfiðleika sem eru hvorki í skóla né vinnu og hafa ef til vill ekki áhuga á hefðbundnum úrræðum svo sem námi eða vinnu
- Einstaklingsbundin verkefni sem undirbúa einstaklinga fyrir frekari vinnu svo sem í hópastarfi eða annarri þjálfun
- Netnámskeið og stafræna þjónustu eða fjarráðgjöf
- Betra aðgengi að félagsmiðstöðvum eða ungmennahúsum fyrir aldurshópinn
- Betri tengingu við atvinnulífið
- Fleiri og fjölbreyttari úrræði



Tillögur að forvörnum og snemmtækum stuðningi til að draga úr líkum á að ungmenni falli í NEET-hópin

Snemmtæk íhlutun er áhrifamikill verndandi þáttur gegn því að ungmenni falli í NEET hóp. Með því að veita stuðning í grunnskóla, þegar fyrstu vísbendingar um slök skólatengsl, vanlíðan og félagslega einangrun koma í ljós er hægt að forðast að ungmenni falli í NEET hóp.

Sem forvörn og snemmtækur stuðningur er m.a. lögð áhersla á:

- Að skima snemma eftir áhættuþáttum
- Stuðning við nemanda um leið og skortur á skólatengslum birtist
- Samstarf við heilsugæslu
- Markvisst forvarnastarf í félagsmiðstöðvum og hópastarf
- Fjölbreytt klúbbastarf og valgreinar byggðar á áhugasviðum ungmenna (t.d. leikir, D&D)
- Regluleg og persónuleg tengsl við náms- og starfsráðgjafa bæði í grunn- og framhaldsskóla
- Betri og nútímalegri kynningu á framtíðarmöguleikum í námi, starfi og í áhugamálum, nútímavæða áhugasviðspróf
- Snemmtæka vinnu með foreldrum ungmenna sem þurfa á aukinni virkni að halda



Tillögur að úrbótum í þjónustu, eftirfylgni og samvinnu milli sviða borgarinnar og annarra stofnana.

Fram kom að þörf er á kerfislægum úrbótum til viðbótar við ný og fjölbreyttari úrræði. Áhersla er lögð á virkari samvinnu og samfellu í þjónustu bæði milli kerfa og vegna aldurs. Eins er mikilvægt að veita svigrúm til langvarandi stuðnings í félagsþjónustu eða í virkniúrræði.

Lögð er áhersla á:

- Samfellt stuðningskerfi fyrir 16–29 ára, þar sem einn málstjóri eða teymi ber ábyrgð á einstaklingi á meðan hann tilheyrir NEET hóp. Nýta verklag sem þegar er til, s.s. BBB og farsæld barna
- Skýrt verklag og skilgreindar samskiptaleiðir milli þjónustuveitanda
- Reglulegar kynningar á námsframboði og fjölbreyttum starfsvettvangi
- Formlegt og reglulegt samstarf milli mennta-, velferðar-, heilbrigðis- og vinnumálasviða
- Aukið hlutverk félagasamtaka og nærumhverfis í framkvæmd úrræða (ný nálgun t.d. með íþróttafélögum)
- Gott upplýsingaflæði til ungs fólks þar sem þjónusta allra þjónustuþega er á einum stað



Mat á því hvernig best verði staðið að virkniúrræðum fyrir ungt fólk utan skóla og vinnu, m.a. í samstarfi við Hitt húsið og aðra þjónustuaðila.

Það er samdóma álit þeirra sem að þessari vinnu komu að virkniúrræði þurfa að vera raunhæf, einstaklingsmiðuð og tengd áhuga og styrkleikum viðkomandi.

Mælt er með að:

- Formgera samstarf milli allra þjónustuaðila sem að málaflokknum koma s.s. Hins hússins, Virkni húss, Vinnumálastofnunar, Fjölsmiðjunnar, framhaldsskóla, miðstöðva, Heilsugæslunnar, Landspítalans og vinnumarkaðsins
- Þróa launuð vinnuúrræði, IPS og brúarúrræði milli náms og vinnu, atvinnutengt nám
- Nýta úrræði á vettvangi og með stafrænum hætti (app, vefsvæði og rafrænt spjall)
- Nýta miðla sem ungt fólk notar, s.s. Tiktok, Youtube o.fl.
- Þjóða upp á fjölbreyttar leiðir til að efla virkni ungmenna og ungs fólks
- Tryggja fjölbreytt sumarstöf fyrir ungmenni
- Aðgengi sé gott að ungmennahúsi fyrir aldurshópinn með fjölbreyttri afþreyingu og stuðningsúrræðum



Tillögur um framtíðarfyrirkomulag samhæfingar á þjónustu við ungt fólk í áhættuhópum innan Reykjavíkurborgar

Framtíðarfyrirkomulag þjónustu þarf að byggjast á samfellu, samþættingu og framtíðarsýn. Markmiðið er að líta á farsæld ungs fólks sem forvarnar- og lýðheilsumál samfélagsins í heild.

Mikilvægt er að:

- Að fjölbreytt virkniúrræði standi ávalt til boða óháð aldri eða stöðu fyrir allan NEET hópinn
- Áhersla verði á að ná til ungs fólks af erlendum uppruna sem er ekki í vinnu eða námi
- Tryggja móttökuferli þegar ungmenni detta út úr skóla eða vinnu áður en þau einangrast
- Þjónusta hefjist formlega í grunnskóla og haldist órofin yfir 18 ára aldur með yfirfærsluáætlun
- Komið verði á ábyrgu teymi eða málstjórákerfi fyrir ungmenni í áhættu, s.s. tengilið farsældar fram að 18 ára aldri og áfram
- Formlegt og heildstætt samstarf þjónustuaðila borgar, ríkis og frjálsra félagasamtaka
- Tryggt verði að fjármagn fylgi til að tryggja stöðugleika í verkefnum og að til staðar sé starfsfólk til að sinna hverjum einstaklingi fyrir sig í þann tíma sem þarf
- Að rödd ungmenna og ungs fólks verði markvisst haft með í þróun og framkvæmd úrræða



Tillögur stýrihópsins og næstu skref

Lagt er til að áframhaldandi vinna fari fram n.k. haust í stefnumótun í málaflokknum þar sem nú náðist aðeins að skoða yfirborð málaflokksins.

- Lagt er til að skipaður verði öflugur verkefnahópur fagaðila og kjörinna fulltrúa til að halda áfram að gerð heildstæðrar stefnu og áætlun Reykjavíkurborgar um stuðning við ungt fólk sem ekki er í vinnu, skóla né þjálfun/virkniúrræðum.
- Lagt er til að stofnaður verði samstarfshópur fagaðila þvert á starfsstaði borgarinnar, ríkisstofnanir og félagasamtök, með virkri þátttöku ungmenna. Hlutverk hópsins verði að samræma vinnubrögð og verkferla og bæta samvinnu og flæði milli aðila sem koma að þjónustu við ungt fólk í NEET-hópi. Markmiðið er að ríki, sveitarfélög og félagasamtök vinni sameiginlega að því að ryðja úr vegi þeim kerfislegu hindrunum sem nú standa í vegi fyrir samþættri og samfelldri þjónustu.
- Mikilvægt er að þessir tveir hópar vinni þétt saman

Það er sýn stýrihópsins að með snemmtækri íhlutun, skýrri ábyrgð, samþættri þjónustu og raunhæfri virkni er hægt að draga markvisst úr brottfalli ungs fólks úr skóla og vinnu.



Reykjavík